

Bókun við stofnanasamning Félags íslenskra náttúrufræðinga dags. 1. maí 2007

Vegagerðin hefur ákveðið að laun þeirra starfsmanna sem urðu fyrir launalaekkun þann 1.1.2009 verði eins og þau voru fyrir lækkun. Hækkinin gildi frá 1.10. 2011 í samræmi við úrskurð Kjararáðs frá 21. desember 2011 um laun forstöðumanna stofnana og aðra sem undir ráðið heyra. Ákvörðun þessi raskar ekki þeim hækjunum sem samið hefur verið um í almennum kjarasamningum.

Samningsaðilar eru sammála um að starfaflokkar (dagvinnulaun) hækki um 3 launaflokka frá 1.1. 2012 og að föst yfirvinna lækki að sama skapi. Komi til þess að launatafla Félags íslenskra náttúrufræðinga breytist til samræmis við launatöflu samflotsfélaga BHM, eru aðilar sammála um að aðlaga röðun starfa samkvæmt núverandi töflu náttúrufræðinga að launatöflu samflotsfélaga BHM í þá veru að viðkomandi starf náttúrfræðings falli í þann launaflokk í launatöflu BHM, sem verður hinn sami og sambærilegt starf annarra félaga BHM er flokkað í (launað).

Stefnt er að því við endurskipulagningu stofnunarinnar að starfaflokkar (dagvinnulaun) hækki um 1 -2 launaflokk til viðbótar og að föst yfirvinna lækki að sama skapi. Með hliðsjón af ofangreindu eru samningsaðilar sammála um að þeir fastlaunasamningar sem gerðir hafa verið við starfsmenn og sú yfirvinna sem Vegagerðin greiðir hverjum starfsmanni sé vegna þeirrar yfirvinnu sem nauðsynleg er talin til þess að starfsmaður geti sinnt starfi sínu samkvæmt starfslýsingu, en ekki uppþót á dagvinnulaun.

Aðilum er ljóst að með framangreindri bókun getur eftirfarandi setning í fylgiskjali 1 með stofnanasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og Vegagerðarinnar undirrituðu 29. mars 2006 ekki átt lengur við : *Markmið samningsaðila er að fastir tímar í fastlaunasamningi verði sem næst 35 stundum og í framtíðinni ekki fleiri en 35 stundir miðað við efsta lífaldursþrep.*

Reykjavík 9. febrúar 2012

Fh. Félags ísl. náttúrufræðinga

F.h. Vegagerðarinnar

Dalíð Þórhild Ólafsson
Hera Gíslu
Máttildur B. Þórhildur

Kristín Ó. Þórhildur
Kristín H. Þórhildur
Ólaf Þórhildur